

RÍKJARÁÐSTEFNA UM  
AÐILD ÍSLANDS AÐ EVRÓPUSAMBANDINU

**SAMNINGSAFSTAÐA ÍSLANDS**

**25. kafli**

**Vísindi og rannsóknir**

### **Samantekt um samningsafstöðu**

1. EES-samningurinn tekur til 25. kafla um vísindi og rannsóknir. Evrópska efnahagssvæðið tryggir samfellda þátttöku og fjárveitingar Íslands í hlutaaðeigandi áætlunum Evrópusambandsins, sem og stefnu og markmiðum sem kafla þessi tekur til.
2. Ísland fellst á sameiginlega regluverkið sem varðar 25. kafla um vísindi og rannsóknir eins og það stóð 14. janúar 2011.<sup>1</sup> Ísland mun hafa lokið við innleiðingu á öllu regluverki, sem fellur undir þennan kafla fram til þess dags og ekki hefur verið innleitt, við aðild.
3. Ísland hefur þann löggjafar- og stofnanaramma sem nauðsynlegur er til að standa áfram að innleiðingu regluverksins í þessum kafla.
4. Ísland fer ekki fram á sérlausnir, undanþágur eða aðlögunartímabil vegna þessa kafla.

### **EES-samningurinn**

Ísland hefur verið aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES) síðan hann öðlaðist gildi árið 1994. Ísland hefur því tekið þátt í innri markaðinum í rúmlega 16 ár og innleitt alla viðeigandi löggjöf ESB með tilliti til fjórþætta frelsisins, sem og á öðrum mikilvægum sviðum á borð við rannsóknir og þróun, menntun, félagsmálastefnu, umhverfismál, neytendavernd, ferðaþjónustu og menningarmál. Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) fylgist reglulega með stöðu Íslands gagnvart EES-samningnum og birtir tvisvar á ári upplýsingar um frammistöðu Íslands á innri markaðinum (e. internal market scoreboard).

Í þeim köflum sem EES tekur til hefur Ísland byggt upp löggjafar- og stofnanaramma sinn til samræmis við og til innleiðingar á viðeigandi löggjöf ESB. Kafli 25 um vísindi og rannsóknir fellur undir EES-samninginn og samningurinn tryggir þátttöku og fjárframlög Íslands til viðeigandi áætlana Evrópusambandsins.

### **Lagarammi**

Lagaramminn er fyrir hendi til áframhaldandi innleiðingar regluverksins, með það í huga að ekki er gerð krafa um lögleiðingu ESB reglna í innlenda löggjöf hvað þennan kafla varðar.

---

<sup>1</sup> Dagsetning seinni rýnifundar

Ísland hefur tengst rammaáætlunum ESB á sviði vísinda og rannsókna gegnum EES-samninginn síðan árið 1994. Ísland tekur þátt í starfsemi sjöundu rammaáætlunarinnar (FP7) um rannsóknir og tækniþróun.

Rannsókn- og nýsköpunarkerfið á Íslandi byggir á tvennum lögum frá árinu 2003 (2/2003 og 3/2003) og lögum nr. 75/2007 um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun.

Ísland stendur heilshugar að markmiðum Evrópska rannsóknasvæðisins (ERA) og tekur þátt í viðeigandi áætlunum og starfsemi þess. Ísland hefur einkum verið virkt á rannsóknasviðum sem varða landbúnað, endurnýjanlega orku, heilbrigði og málefni hafsins. Stefna í vísindum og rannsóknum á Íslandi tekur mið af öllum breytingum og þróun innan ERA.

Innlend stefna í vísindum og rannsóknum er mörkuð í þriggja ára stefnuáætlun sem gefin er út af skrifstofu forsætisráðherra. Stefnan fyrir árin 2010-2012 er helguð mikilvægi þess að efla og styrkja rannsóknir og nýsköpun á Íslandi á grundvelli viðmiðunarreglna um samstarf og miðlun, gæði og ávinning og alþjóðlegar rannsóknir og nýsköpun.

Helstu stjórnþæki við framkvæmd þeirra forgangssviða sem skilgreind hafa verið af Vísinda- og tækniráði (STPC) eru samkeppnissjóðir til rannsókna og nýsköpunar. Fjármögnunarákvarðanir eru teknar frá sjónarhóli notenda og jafningjarýni, og tekið er við umsóknum frá öllum burtséð frá því hvaða stofnun viðkomandi tilheyrir. Allar rannsóknir sem njóta opinberra styrkja, þar með talið styrkja frá Evrópusambandinu, eru háðar siðareglum rammaáætlunarinnar og reglum um skattlagningu og innflutningsgjöld.

Ísland býr ekki yfir auðlindum á sviði kola eða stáls og hyggst ekki taka þátt í Rannsóknasjóði á sviði kola og stáls.

Ísland tekur ekki þátt í kjarnorkurannsóknum og hefur ekki tekið þátt í rannsóknaverkefnum á vegum rammaáætlunar Kjarnorkubandalags Evrópu. Samráð verður haft við vísindasamfélagið um að skilgreina forgangsverkefni og framtíðarviðfangsefni innan rammaáætlunar Kjarnorkubandalags Evrópu.

Ísland hefur veitt u.þ.b. 2,7 til 3,0% af vergri landsframleiðslu sinni til þróunar og rannsókna síðastliðinn áratug. Nýlega birt skýrsla „Ísland 2020 - aðgerðaáætlun fyrir atvinnulíf og samfélag“ setur fram enn metnaðarfullri markmið á sviði rannsókna og þróunar í framtíðinni. Árið 2020 er gert ráð fyrir að fjárveitingar til rannsókna og þróunar nemi 4% af vergri landsframleiðslu, miðað er við að hluti hátæknigeirans af vergri landsframleiðslu aukist upp í 10% og að hluti hans af heildarútflutningstekjum aukist upp í 15%.

## **Stofnanarammi**

Stofnanarammi til áframhaldandi innleiðingar regluverks þessa kafla er fyrir hendi.

Vísinda- og tækniráð (STPC) er helsti aðilinn sem ber ábyrgð á þróun og samþykkt almennrar stefnu á sviði vísinda og tækni. Fjórir ráðherrar eiga fast sæti í ráðinu og forsætisráðherra, sem er formaður, getur kallað til fjóra ráðherra til viðbótar. Sextán aðrir einstaklingar eiga fast sæti í ráðinu, þar af tveir tilnefndir af Samtökum atvinnulífsins og fjórir eru að fullu eða að hluta til úr einkageiranum. Framkvæmd stefnunnar er á ábyrgð hlutaðeigandi ráðuneyta eða sjálfstæðra opinberra stofnana.

Rannsóknamiðstöð Íslands (Rannís) er opinber stofnun sem heyrir undir mennta- og menningarmálaráðuneytið og ber hún ábyrgð á að kynna, styðja og sinna eftirliti með þátttöku Íslands í rammaáætluninni. Hjá Rannís starfa 23 starfsmenn og stofnunin tilnefnir innlenda tengiliði fyrir hvert rannsóknasvið innan rammaáætlunarinnar. Mennta- og menningarmálaráðuneytið tilnefnir fulltrúa í stjórnarnefndir hvers sviðs.

Umtalsverður hluti rannsókna og tækniþróunar á Íslandi er skipulagður í háskólunum. Á Íslandi eru sjö háskólar sem heyra undir mennta- og menningarmálaráðuneytið skv. lögum um háskóla nr. 63/2006. Mikil áhersla er lögð á gæðatryggingu hjá háskólum bæði með tilliti til rannsókna og kennslu. Stofnanirnar eru ábyrgar fyrir innra gæðaftirliti. Mennta- og menningarmálaráðuneytið sinnir eftir sem áður eftirliti með gæðum þeirrar kennslu sem veitt er í samræmi við reglur um eftirlit með kennslu og rannsóknum hjá háskólum nr. 321/2009, reglur um faggildingu háskóla nr. 1067/2006 og reglur um doktorsnám nr. 37/2006.

Á Íslandi eru nokkrar opinberar rannsóknarmiðstöðvar. Þar á meðal er Hafrannsóknastofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Veðurstofa Íslands, Matís, Landspítalinn, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Veiðimálastofnun og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Einnig eru ýmis minni rannsóknasetur staðsett víðsvegar um landið.

Löng hefð er fyrir því á Íslandi að einkareknar stofnanir fjármagni eigin rannsóknir. Nýsköpunarmiðstöð hefur verið sett á laggirnar sem öflugt stoðkerfi og þekkingarsetur fyrir frumkvöðla og lítil fyrirtæki á Íslandi. Nýsköpunarmiðstöðin hýsir evrópska fyrirtækjanetið (EEN), sem styður lítil og meðalstór fyrirtæki við að koma á samstarfi milli Íslands og Evrópu, bæði í viðskiptum sem og á sviði tæknimála. EEN aðstoðar einnig íslensk fyrirtæki við að finna rannsóknastyrki og samstarfstækifæri innan ESB.

Geta stjórnsýslunnar á Íslandi er næg til að sinna áfram innleiðingu regluverksins og taka þátt í viðeigandi áætlunum og verkefnum sem falla undir 25. kafla um vísindi og rannsóknir.

## **Samþykkt regluverks ESB**

Ísland fellst á sameiginlega regluverkið í 25. kafla um vísindi og rannsóknir eins og það stóð 14. janúar 2011. Ekki er farið fram á sérlausnir, undanþágur eða aðlögunartímabil í þessum kafla.